

## Aðalfundur Flóakorns ehf.

Aðalfundur Flóakorns ehf. verður haldinn í Þingborg miðvikudagskvöldið 2. apríl 2008 kl. 21:00.

Dagskrá fundarins: Venjuleg aðalfundastörf. Jónatan Hermannsson mun mæta og flytja erindi.

Rætt verður um kaup á stærri kornvals.

Við hvetjum ykkur til að mæta vel og vera með í ákvörðunartökum félagsins.

Stjórnin.

## Dagskrá mánaðarins

Glímuæfing í Félagslundi	1. apríl
Íþróttæfing í Þjósárveri	2. apríl
Árshátíð Búnaðarfélags Vill.	5. apríl
Glímuæfing í Félagslundi	8. apríl
Íþróttæfing í Þjósárveri	9. apríl
Aðalfundur Skógræktarfélag. Vill.	9. apríl
Umsóknarfrestur f. Fjör í Flóa	10. apríl
Opið hús kvenf. Villingah.hr.	10. apríl
Héraðsmót í glímu	12. apríl
Glímuæfing í Félagslundi	15. apríl
Íþróttæfing í Þjósárveri	16. apríl
Aðalfundur Búnaðarfélag. Vill.hr.	16. apríl
Íbúafundur um skólamála	17. apríl
Bikarglíma Samhygðar	22. apríl
Íþróttæfing í Þjósárveri	23. apríl
Sumardagurinn fyrsti	24. apríl
Panta í hreinsunaráttak	25. apríl
Íþróttæfing í Þjósárveri	30. apríl
Kvenfélagakvöldvaka	30. apríl
Þingborgarmótið	1. maí



# Áveitan



4. tbl, apríl 2008. 2. árgangur.

Útg: Umf. Samhygð og Umf. Vaka.

Áb: Fanney Ólafsdóttir og Stefán Geirsson.

Netföng: [fanneyo@visir.is](mailto:fanneyo@visir.is) og [stegeir@hotmail.com](mailto:stegeir@hotmail.com)

## Fjör í Flóanum nálgast!!

Dagana 30. maí til 1. júní verður Fjör í Flóanum haldið í fjórða sinn. Undirbúningur er í fullum gangi undir traustri forystu húsnefnda félagsheimilanna þriggja í Flóahreppi. Nú þegar hafa verið festir á dagskrána skemmtilegir og fjölbreyttir viðburðir auk þess sem atvinnurekendur og ferðapjónustuaðilar hafa sýnt hátiðinni áhuga.

Enn er svigrúm fyrir fyrirtæki, félög eða einstaklinga að koma kynningu á sínum rekstri, vörum eða hugðarefnum inn á dagskrá Fjörsins. Frestur til þess rennur út **10. apríl** en fljótlega eftir það fer kynningarstarf fyrir Fjörið í fullan gang. Ahugasamir geta haft samband í netfangið [hgun@simnet.is](mailto:hgun@simnet.is) eða við Stefán Geirsson í síma 867-6907.

Undirbúningsnefndin

## Þingborgarmótið

Þingborgarmótið verður haldið þann 1. maí n.k. í Þingborg. Mótið er fyrir krakka 16 ára og yngri og er keppni milli Baldurs, Samhygðar, Vöku og Skeiðamanna. Keppt verður í langstökki án atr, kúluvarpi, þrístökki án atr. og hástökki. Mótið hefst stundvíslega klukkan 13:00 og eru keppendur frá öllum félögum

hvattir til að mæta.

Ungmennafélögin

## Frá sveitarstjóra

### Flokksstjóri unglíngavinnu

Auglýst er eftir flokksstjóra unglíngavinnu í Flóahreppi sumarið 2008. Lágmarksaldur er 18 ár. Umsóknarfrestur er til 25. apríl n.k. Allar frekari upplýsingar fást hjá Guðmundi á skrifstofu Flóahrepps í síma 482-3260.

### Hreinsunarátak

Flóahreppur mun í samvinnu við Íslenska Gámafélagið, standa fyrir hreinsunarátaki í maí. Þeir íbúar sem lögheimili eiga í sveitarfélaginu, geta óskað eftir gámum í einn sólarhring fyrir járn og timbur. Ekki verður innheimt greiðsla fyrir gámana en óskað er eftir að þeir sem hafa áhuga, panti þá fyrir 25. apríl á skrifstofu Flóahrepps í síma 482-3260. Spilliefni, s.s. málningardósir, hreinsiefni og rafgeymar mega ekki fara í timbur-eða járnagáma en á gámasvæðum sveitarfélagsins við Félagslund og í Heiðargerði við kjötmjölsverksmiðjuna eru ílát fyrir spilliefni. Hjólbarðar mega hins vegar fara í járnagámana sem koma heim á bæi vegna hreinsunarátaks. Með von um að þetta mælist vel fyrir.

### Aðalskipulag

Á fundi sveitarstjórnar Flóahrepps þann 19. mars s.l. var tekin til fyrri umræðu, tillaga að aðalskipulagi Flóahrepps í fyrrum Villingaholtshreppi 2006-2018 ásamt greinargerð. Kynning á tillögu var haldin í Þjórsárveri 25. júní 2007 fyrir fullu húsi. Einnig hafa aðliggjandi sveitarfélög ásamt öðrum löggildum umsagnaraðilum fengið tillögu senda til umsagnar. Sveitarstjórn samþykkti að senda tillögu aðalskipulags til Skipulagsstofnunar sbr. 17. gr. skipulags-og byggingarlaga. Hafi Skipulagsstofnun ekki gert athugasemdir við tillöguna innan fjögurra vikna frá því að tillagan barst henni er reiknað með að auglýsa hana.

þarf að fara fram varðandi uppbyggingu skólamála í Flóahreppi.

Árshátíð Flóaskóla var vel heppnuð og ákaflega fjölsótt, en líklega hafa um 200 manns verið í Þjórsárveri. Framtíð Flóahrepps steig á svið, sýndi leikrit og sagði brandara og í lokin var kaffihlaðborð með glæsilegasta móti í boði foreldra. Kærar þakkir fyrir komuna! Upplestrarkeppni Flóaskóla var haldin fimmtudaginn 27. mars í skólanum. Dómarar áttu þar erfitt verk fyrir höndum er þeir völdu tvö fulltrúa fyrir hönd skólans í Stóru upplestrarkeppnina. Fulltrúar Flóaskóla verða Hafsteinn Ó. Kjartansson Uppsölum og Harpa Almarsdóttir Lambastöðum og Jón Gautason Læk sem varamaður. Stóra upplestrarkeppnin verður haldin í Aratungu í Reykholti fimmtudaginn 10. apríl kl. 15:00.

Með vorkveðjum úr skólanum, Kristín Sigurðardóttir, skólastjóri

### Frá Leikskólanum Krakkaborg

Ég vil minna þá foreldra, sem ætla að sækja um leikskólavistun fyrir börn sín næsta vetur, að gera það sem fyrst. Hægt er að nálgast umsóknareyðublöð í leikskólanum, eða hafa samband í síma 482-3085 eða í gegnum tölvupóst [leikskóli@simnet.is](mailto:leikskóli@simnet.is) og ég sendi ykkur umsóknareyðublað um hæl.

Með kveðju,  
Þórdís Bjarnadóttir, leikskólastjóri

## *Frá Flóaskóla*

Þegar þetta er ritað er vika liðin af skólastarfinu eftir páska. Páskafrið markar yfirleitt tímamót og flestum finnst að síðasta lota skólaársins hefjist að því loknu. Það styttist í vorið og þau verk sem því fylgja innan skólans, samantektir og námsmat, undirbúning næsta skólaárs og áframhaldandi markmiðasetningu fyrir starfið. Skólastjóri auglýsti nýlega lausar stöður kennara fyrir næsta skólaár og við í skólanum vonum að við fáum faglega og góða liðsmenn í okkar góða hóp. Áhugi á Flóaskóla og samfélaginu í Flóahreppi er mikill og sú uppbygging sem er í sveitarfélaginu okkar vekur áhuga – það finn ég á fjölmörgum fyrirspurnum og vangaveltum fólks sem hefur rætt við mig og íhugað flutning á svæðið. Nú er útlit fyrir að nemendur verði tæplega 70 á næsta skólaári. Fjölgun nemenda kallar á tilfæringar innanhúss í skólanum – þó er ljóst að horfa þarf til framtíðar vegna uppbyggingar skólamála almennt í sveitarfélaginu. Flóaskóli er nú á 4. starfsári sínu og er kominn til að vera. Þegar horft er til baka yfir síðastliðin fjögur ár stendur upp úr hversu vel tókst til við stofnun skólans og hve vel samfélaginu hefur gengið að aðlagast breytingum og fylgja nýjum áherslum úr hlaði með metnað, skynsemi og jákvæðni að leiðarljósi. Það er einmitt með þannig vinnu og hugarfari sem við íbúarnir þurfum að hugsa um framtíðaruppbyggingu skólamála í sveitarfélaginu okkar. Við eigum að hugsa stórt, byggja á þeim góða grunni sem fyrir er en einsetja okkur að byggja upp öflugan skóla og huga um leið að öðrum stöðþáttum í þjónustu við nemendur í leik- og grunnskóla og fjölskyldur þeirra.

Fræðslunefnd Flóahrepps íhugar að boða til íbúafundar á næstunni í tengslum við framtíðarskipulag skólamála. Það er von til þess að íbúar mæti vel á fundinn og leggi sitt af mörkum við þá hugmyndavinnu sem

### **Veitumál**

Skólaáðar hafa verið úrbætur sem til greina gætu komið til að fyrirbyggja vatnsþurrð í Flóahreppi eins og varð síðastliðið sumar. Lögnin sem liggur að Oddgeirshólum var lofttæmd s.l. haust en loft var búið að vera í lögninni í einhvern tíma.

Ef þurrkar verða með svipuðu móti og síðasta sumar og bera fer á vatnsskorti, verður sett upp dæla á lögnina úr Samúelslind til að auka þrýsting og þar af leiðandi vatnsmagn.

Einnig er gert ráð fyrir að setja dælu við Ruddakrókslindina ef vatnsmagn fer að minnka vegna þurrka en sú vatnslind þjónar stórum hluta Villingaholtshrepps og Gaulverjabæjarhrepps.

Síðasta sumar var Urriðafosslindin notuð þegar lækka fór í Ruddakrókslindinni en sú vatnslind hefur nú verið aflögð.

Viðræður eru í gangi við forsvarsmenn Áshrepps og Rangárþings ytra um samstarf í kaldavatnsmálum og er verið að vinna að skýrslu um hagkvæmni þess og kostnað að fara í samstarf um vatnsöflun.

Hitaveitumál hafa einnig verið til skoðunar og gerð var forathugun og gróf kostnaðaráætlun um hitaveitu í neðri hluta Flóahrepps. Í forsendum var gert ráð fyrir að vatn yrði leitt úr efri hluta sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn hefur samþykkt að vinna áfram að málinu.

## **Kvöldvaka!**

Þá er komið að hinni árlegu kvöldvöku kvenfélaganna þriggja í Flóahreppi, og verður hún haldin í Félagslundi miðvikudaginn 30. apríl n.k. kl. 20.30. Skemmtiatriði og veitingar sem fara vel í maga. Vonumst til að sjá ykkur sem flestar og takið með ykkur gesti.

Kvenfélag Gaulverjabæjarhrepps

### **Kvenfélagskonur!**

Opið hús hjá Hjördísi að Miðengi 19, Selfossi fimmtudagskvöldið 10. apríl frá kl. 21:00. Munið eftir meðlætinu með kaffinu. Sjáumst hressar.

Kvenfélag  
Villingaholtshrepps

### **Frá Skógræktarfélaginu**

Aðalfundur Skógræktarfélags Villingaholtshrepps verður haldinn miðvikudagskvöldið 9. apríl að Vatnsenda og hefst kl. 20:30. Venjuleg aðalfundarstörf. Nýir félagar velkomnir. Vonum að félagsmenn sjái sér fært að mæta.

Stjórnin

### **Sumardagurinn fyrsti!**

**Sumardaginn fyrsta þann 24 apríl n.k. verður hið árlega víðavangshlaup haldið á Þjórsárbökkum og hefst það stundvíslega klukkan 13:30. Allir sem ætla að hlaupa eru beðnir um að skrá sig og fá númer áður en lagt er af stað. Strax að hlaupi loknu verður boðið upp á kaffiveitingar og léttu skemmtidagskrá í Þjórsárveri. Verðlaunaafhending verður fyrir hlaupið en allir þátttakendur fá viðurkenningarskjal fyrir þátttökuna og sigurvegarar fá farandverðlaunagrip. Við hvetjum alla unga sem aldna til að mæta og gleðjast með okkur á þessum fyrsta degi sumars.**

**Umf. Vaka**

### **Frá Búnaðarfélagi Villingaholtshrepps**

#### **Árshátíð**

Félagið efnir til árshátíðar laugardaginn 5. apríl n.k. í Þjórsárveri. Á dagskrá verður hátíðarkvöldverður auk myndasýningar, leiksýningar og tónlistaratriða. Afreksbikar félagsins verður afhentur nýjum handhöfum. Vonast er til að sem flestir félagsmenn mæti ásamt mökum sínum.

#### **Aðalfundur**

Aðalfundur félagsins verður haldinn í Þjórsárveri miðvikudagskvöldið 16. apríl kl. 21:00. Venjuleg aðalfundarstörf og lagðar línur fyrir næsta starfsár. Hvetjum félagsmenn til að mæta.

Stjórnin

### **100 ára söguritun HSK**

Héraðssambandið Skarphédinn verður 100 ára árið 2010. Ákveðið hefur verið að rita 100 ára sögu sambandsins í tilefni af þessum tímamótum. Sambandið hefur ráðið Jón M. Ívarsson til verksins og hóf hann störf um áramót. Undanfarið hefur hann ferðast víða um sýslurnar og leitað heimilda um upphaf sambandsins og ýmislegt hefur komið á daginn. T.a.m. er nú vitað að stofndagur sambandsins er ekki réttur. Talið var að sambandið hafi verið stofnað í október en nú er komið í ljós að það var stofnað í Hjálmholti í maí 1910.

Áætlað er að ritið muni koma út á afmælisárinu, 2010, og mun það verða ríkulega myndskreytt. Jón vill beina þeim tilmælum til fólks að láta sig vita séu til á bæjum gamlar myndir frá starfi ungmennafélaganna, því eldri því betra.

### Hástökk strákar 11 ára

8. Jón Þór Pálsson 1,00 m.  
11-12. Jóann P. Smáráson 0,90 m.

### 30. metra hlaup strákar 11 ára

4. Jón Þór Pálsson  
7. Jóann P. Smáráson

### Kúluvarp 2 kg strákar 11 ára

1. Jón Þór Pálsson 7,24 m.  
8. Jóann P. Smáráson 4,47 m.

### Langstökk án atrennu stelpur 11 ára

4. Guðrún I. Helgadóttir 1,64 m.

### 30. metra hlaup stelpur 11 ára

1. Guðrún I. Helgadóttir

### Kúluvarp stelpur 11 ára

1. Guðrún I. Helgadóttir 6,73 m.

### Hástökk stelpur 11 ára

3. Guðrún I. Helgadóttir 1,15 m.

### Skutlukast þæjur 8 ára og yngri

4. Elizabeth K. Bogans  
7. Sigurbjörg E. Ernudóttir  
8. Kolbrún K. Jónsdóttir

### 30. metra hlaup þæjur 8 ára og yngri

3. Kolbrún K. Jónsdóttir  
10. Sigurbjörg E. Ernudóttir  
12. Elizabeth K. Bogans

### Langstökk þæjur 8 ára og yngri

6. Sigurbjörg E. Ernudóttir 1,08 m.  
7. Kolbrún K. Jónsdóttir. 1,07 m.  
8. Elizabeth K. Bogans. 0,97 m.

### 30. metra hlaup pollar 8 ára og yngri

7. Sigurður J. Bogans.

### Skutlukast pollar 8 ára og yngri

8. Sigurður J. Bogans.

### Langstökk pollar 8 ára og yngri

3. Sigurður J. Bogans. 1,47 m.

## Fermingar í Hraungerðisprestakalli í Flóa vorið 2008:

### Laugardælakirkja í Flóa

Ferming 6. apríl kl. 14:00. Fermdur verður:

Rúnar Örn Lúðvíksson, Langholti 3.

### Villingaholtskirkja í Flóa

Ferming annan hvítasunnudag, 12. maí, kl. 13:30. Fermd verða:

Hlynur Logi Erlingsson, Skálatjörn,

Hugrún Hlín Gunnarsdóttir, Hólmaseli.

### Hraungerðiskirkja í Flóa

Ferming 8. júní kl. 13:30. Fermd verða:

Guðmundur Bjarnason, Túni,

Iðunn Sigurðardóttir, Oddgeirshólum 4,

Íris Björk Garðarsdóttir, Langholti 2,

Kristín Ósk Unnsteinsdóttir, Nýjabæ 4,

Kristrún Steinþórsdóttir, Oddgeirshólum 1.

Sr. Kristinn Ágúst Friðfinnsson

## Íbúafundur um skólamála

*Fræðslunefnd Flóahrepps boðar íbúa sveitarfélagsins til íbúafundar um framtíðaruppbyggingu skólamála.*

Íbúafundurinn verður haldinn í Flóaskóla fimmtudagskvöldið 17. apríl kl. 20:30. Á næstunni verða íbúum sendar upplýsingar um fyrirkomulag fundsins og þeir beðnir að hugleiða málefni sem tengjast fundinum og undirbúa þannig þátttöku sína.

Fræðslunefnd óskar eftir þátttöku samfélagsins alls við mótun hugmynda um uppbyggingu skólamála til framtíðar. Skoðanir og hugmyndir okkar allra skipta máli!

Kaffi og meðlæti á boðstólum.

Fræðslunefnd Flóahrepps.

## Íþróttafréttir

### Héraðsglíma HSK og Bikarglíma Samhygðar

Glímutímabilinu fer senn að ljúka en veturinn hefur verið árangursríkur fyrir glímufólk Samhygðar og Vöku, hvort sem litið er til framfara við æfingar eða árangurs á mótum. Síðastu mót vetrarins eru innan héraðs. Fyrst er að nefna Héraðsmót HSK sem verður haldið í Reykholti laugardaginn 12. apríl. Mótið hefst kl. 13:00 og keppt verður í aldursflokkum 11-12 ára, 13-14 ára, 15-16 ára hjá báðum kynjum og unglingsflokkum drengja 17-20 ára og síðan fullorðinsflokkum þar sem glímt er um Skarphéðinsskjöldinn hjá körlum og Bergþórusskjöldinn hjá konum.

Bikarglíma Samhygðar verður lokahnykkurinn á æfingatímabilinu hjá Samhygð og Vöku og verður mótið haldið á æfingartíma kl. 20:00 þriðjudagskvöldið 22. apríl. Á bikarglímunni keppa allir sem æft hafa í vetur í aldursflokkum og fer fram bikarglíma í elstu flokkunum. Foreldrum og öðrum velunnurum er velkomið að koma og fylgjast með og hvetja sitt fólk.

Þjálfari

### Norðurlandamót öldunga

Norðurlandamót öldunga var haldið í Laugardalshöll 29. febrúar - 2. mars sl. Þrjú keppendur í liði Íslands voru úr röðum Samhygðar og stóðu þeir sig með þryði. Árangur þeirra var þessi:

Anný Ingimarsdóttir keppti í flokki 40-44 ára og náði 2. sæti í kúluvarpi með 8,50 m.

Markús Ívarsson keppti í flokki 60-64 ára og varð 2. í 60 m hlaupi með tímann 9,96 sek og í 3. sæti í 800 m hlaupi á 2:55,88 mín.

Unnur Stefánsdóttir keppti í flokki 55-59 ára og varð í 2. sæti í 800 m hlaupi á tímanum 3:01,92 mín.

### Aldursflokkamót HSK 12 – 14 ára

Aldursflokkamót HSK 12 – 14 ára var haldið á Hellu 2. mars sl. en þar átt Umf. Vaka 4 keppendur.

#### Hástökk stráka 12 ára

- |      |                        |         |
|------|------------------------|---------|
| 2-3. | Halldór Bjarnason      | 1,10 m. |
| 2-3. | Arnar Einarsson        | 1,10 m. |
| 4.   | Víkingur F. Erlingsson | 1,05 m. |

#### Kúluvarp stráka 12 ára

- |    |                        |         |
|----|------------------------|---------|
| 3. | Víkingur F. Erlingsson | 7,88 m. |
| 4. | Halldór Bjarnason      | 7,85 m. |
| 5. | Arnar Einarsson        | 6,34 m. |

#### Langstökk án atrennu stráka 12 ára

- |    |                        |         |
|----|------------------------|---------|
| 1. | Halldór Bjarnason      | 2,01 m. |
| 3. | Víkingur F. Erlingsson | 1,79 m. |
| 4. | Arnar Einarsson        | 1,73 m. |

#### Kúluvarp stelpur 12 ára

- |     |                      |         |
|-----|----------------------|---------|
| 10. | Ásrún H. Loftsdóttir | 6,13 m. |
|-----|----------------------|---------|

#### Langstökk án atrennu stelpur 12 ára

- |     |                      |         |
|-----|----------------------|---------|
| 12. | Ásrún H. Loftsdóttir | 1,41 m. |
|-----|----------------------|---------|

### Unglingamót HSK

Unglingamót HSK var haldið á Hellu 2. mars síðastliðinn og átti Umf. Vaka þar einn keppanda, Harald Einarsson, í flokki ungarla. Árangur hans var þessi:

Langstökk án atrennu, 1. sæti 2,65 m

Hástökk án atrennu, 1. sæti 1,25 m

Kúluvarp, 3. sæti 9,79 m

Hástökk, 1. sæti 1,60 m

Þrístökk án atrennu, 1. sæti 8,10 m

### Héraðsleikar 11 ára og yngri

Héraðsleikar 11 ára og yngri voru haldnir í Þorlákshöfn þann 8. mars síðastliðinn og átti Vaka þar 7 keppendur.

#### Langstökk án atrennu strákar 11 ára

- |    |                   |         |
|----|-------------------|---------|
| 5. | Jóann P. Smáráson | 1,70 m. |
| 8. | Jón Þór Pálsson   | 1,46 m. |